

12/3 73

S T A R F S S K Y R S I L A .

1 9 7 2

Gróðrarstöðin Tímastöðum.

Veðurfar ársins.

Veturinn (jan. - marz). Janúar var óvenju hlýr og mildur, ekki mikið um úrkomu, en nokkur snjókoma upp úr miðjum mánuðinum. Hitastig nokkuð ofan við meðallag.

Febrúar úrkomusamur síðari hluta mánaðarins að öðruleiti hægviðrasamur og hitastig ofan við meðallag. Jörð klakalaus fram yfir miðjan mánuðinn.

Marz . Mild veður en sólarlítið, þíðviðri fram að 24. en þá gerði nokkurt frost. Jörð þíð og klakalaus mest allan mánuðinn.

Vorið (apríl - maí). Apríl, hægviðrasöm tíð flesta daga. Klakalaus jörð og heyrir það til undantekninga.

Maí yfir meðallagi hlýr og góðviðrasamur. Tíð hagstæð flestum útiverkum.

Sumarið (júní - sept.). Júní tæplega í meðallagi hlýr, þurr fyrstu 10 daga mánaðarins en síðan úrkomusamur, veðurhæð oftast lítil. Sprettutíð ekki í meðallagi. Héla sást á jörðu 21. júní og um frostmark við jörð var 5 nætur í mánuðinum.

Júlí, mjög óhagstætt veður vegna þráláttra rigninga og kulda, hiti nær 2 gr. neðan við meðallag og nálægt frostmarki við jörð 4 nætur í mánuðinum. Vöxtur mjög hægur.

Ágúst óvenjukaldur og rigningasamur að undanskildum 10 fyrstu dögum. Næturfrost gerði þann 28. og féllu þá kartöflugrös víða, 5 kalder nætur í mánuðinum.

September. Hitastig neðan við meðallag eins og var í hinum sumarmánuðunum. Næturfrost frá 6. - 11. mán. mest -4 gr. og varð frostið það mikið að kartöflur skemmdust sem voru ofarlega

í jörðinni. Úrkoma mældist 24 daga máni Átt oftast suðaustlæg.

Haustið (okt.-nóv.). Október úrkomu- og umhleyppingasamur. Frost fléstar natur mánaðaáðarins. Ekki mikið um stórvíðri.

Nóvember óvenju kaldur, meðalhiti -1,1 gr. snjór á jörðu frá 3.-24. mán. Oft mikil veðurhæð að sunnan og suðvestan.

Desember umhleyppingasamur en hlýrri en mánuðurinn á undan, óhagstæður vegna stórvíðra sem mest urðu 20. og 21. mán. að sunnan og suðaustan og urðu víða skaðar í þessu veðri. Úrkoma mældist alla daga frá 10. mán. til áramóta.

Vöxtur og brif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Laufgun birkiskjólbeltanna hér á Tumastöðum var 4. júní, búast mátti við að laufgun yrði fyrr vegna þess hvað lítill klaki var í jörðu síðast liðinn vetur og laufgun byrjaði snemma en henni fór ákaflega hægt fram. Lauffall var 30. september og er það heldur með fyrra móti.

Vöxtur. Alment er hægt að segja að vöxtur trjáa hafi verið undir meðallegi, sama er að segja um vöxt á plöntum sem eru hér í uppeldi, bæði fræbeðsplöntur og dreifsettar plöntur.

Fræfall. Ekkert fræ var á birkiskjólbeltunum hér á Tumast. en ofurlitlu af birkifræi var safnað í Þorsteinslundi eða 3,1 kg.. Nokkuð var um köngla á sitkagrenitrjénum upp í brekku og eins á íslenzku sitkagrenitrjénum sem búið er að setja í skjólbelti hér, könglarnir voru litlir og því óvíst hversu gott fræið er. Einnig var safnað fræi af lúpínu eins og undanfarandi ár og fengust 10 kg. sem sent verður að Mógilsá. Auk þess var safnað fræi af sitkælri, reyni, úlfareyni og gráreyni.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði að nokkru leiti er vika var liðin af apríl, en meirihluti starfsfólks kom um miðjan maí, þó unnu hér auk verkstjóra og mín 2 konur við upptöku og sorteringu á plöntum frá 3. jan. og fram yfir miðjan febrúar. Vinna lauk að mestu um miðjan sept. nema hvað 2 karlm. og 2 konur unnu af og til við ýmis störf meðan tíð leyfði.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólks kr. 1.816.024,60 og af því fór út úr hreppnum kr. 606.538,30 eða aðeins 33,4%. Mötuneyti var starfandi í 3½ mánuð og eru nokkur ár síðan við höfum þurft að starfrækja mötuneyti.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	jan.	feb.	marz	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	samt.
kon.	4	2		5	16	43	35	35	2	5	5	1	153
karl.	4	4	4	4	7	17	20	17	10	12	8	7	114
samt.	8	6	4	9	23	60	55	52	12	17	13	8	267

Gróðrarstöðin.

Nývirki og umbætur. Í Báruplastsgróðurhúsið sem sett var upp hér í fyrra voru nú settar rafmagnsviftur í báða gafla húsin til loftræstingar og til að koma í veg fyrir ofhitnun, eru þær í sambandi við sjálfvirkan hitarofa.

Í plöntukælirinn voru settar upp hillur með báðum langveggjum og gert er ráð fyrir að geyma þar plöntur sem pakkaðar eru í plastpoka, gera má ráð fyrir að í þær rúmist 75-100 þúsund plöntur.

Smíðaðir voru kassar til geymslu á plöntum í keli og er þeim staflað hverjum ofan á annann, stærð þeirra er 55 X 90 cm. en hæð þeirra er mismunandi 30,40 og 50 cm. Í þessa kassa sem ekki

ættu að fara út úr gróðrarstöðinni er hægt að koma um 100 þús. dreifsetningar plöntum en þær eru hafðar í 30 cm. háu kóssunum og um 60 þúsund skógarplöntum í hærri kassana. Í hvern kassa komast um 6-8 þúsund dreifsetningarpl. eða 750-1.500 stk. af skógarplöntum en það fer eftir stærð plantnana.

Fræplöntur. Sáningu var lokið 7. júní, nú var öllu greni-
fræi raðsáð en furu og lerki dreifsáð. Raðsáningin var til að
flýta fyrir upptöku, þegar að henni kemur og ég býst við að
við ættum einnig að raðsá furu, en það sá ég gert víða úti.
Landið undir raðsáða fræið var aukið um 50%. Mér finnst fræið
í ár spíra heldur illa, eru sáningarnar gisnar, þó má að einhverju
leiti kenna því um að mikið var af illgresi í beðunum og hefur
því eitthvað misfarist við hreinsun. Sáð var fræi af sitkagreni
sem safnað var hér í stöðinni í fyrra, spíraði það samilega og
voru í haust um 20 þús. plöntur er talning var gerð. Sáð var
11,3 kg. í 720 m². 2/0 plöntur af sitkagreni og rauðgreni eru
frekar smáar.

Dreifsetning. Í sumar voru dreifsettar hér 272.400 stk. af
skógarplöntum og af því eru 175.000 stk. sitkagreni. Dreifsetning
gekk fremur seint vegna óhagstæðrar veðráttu.

Hreinsun. Gesatop var notað hér eins og að undanförunu á dreif-
setningar sumarsins en eldri dreifsetningar handhreinsaðar,
sama er að segja um sáðbeð, þau voru handhreinsuð, nema hvað
einu sinni var úðað með arfaolíu, um það leiti sem fræið var
að spíra, en kom ekki að fullum notum vegna óhagstæðra veður-
skilyrða.

Umbúnaður. Torf var skorið og sett á kanta nýdreifsettra
plöntubeða eins og gert hefur verið nú í nokkur ár. Skjólgrindur
settar upp og beðin þakin með limi. Næsta ár verður að gera

ráðstafanir til að fá lim flutt að, vegna þess að ekki fellur
nóg til hér í stöðinni.

Afhending. Afhentar voru 207.433 stk. af plöntum úr gróðrar-
stöðinni. Af skógarplöntum voru afhentar 96.250 stk. og komu
þar að mestu leiti úr kæligeymslunni, síðustu plönturnar voru
afhentar í lok júnímánaðar.

Eftir því sem ég hef frétt, líkuðu plönturnar úr plöntu-
geymslunni vel og fóru þar að vaxa strax eftir útplöntun,
ársvöxtur var meiri en gerist útplöntunarárið, getur það ekki
verið neinu öðru að þakka en að plönturnar voru ekki farnar að
vaxa við útplöntun, því sumarið var ekki gott. Afhentar voru
97.500 stk. af dreifsetningarplöntum. Af garðplöntum voru af-
hentar 13.683 stk. Bókfært verð besara plantna þegar afsláttur
hefur verið gefin varð kr. 1.281.532,30 , þar af söluskattssk.
plöntur fyrir kr. 931.531,30.

Garðplöntur. Afhentar voru 13.683 stk. garðplöntur. Teknir
græðlingar og pottað 23.380 stk. Salan hefur aukist mikið og
sækist fólk eftir stórum plöntum.

Annað. Í rokinu sem gerði 20.-21. des. fauk annað af finnsku
gróðurhúsunum sem hér eru og er það svo mikið brotið að ekki
verður hægt að nota nema um helming af bogunum aftur. Í báru-
plastgróðurhúsinu skemmdust og brotnuðu 6 plötur. Ástæðan fyrir
því að finnska húsið fauk mun meðalennars hafa verið sú að brot
úr plötu af béruplasthúsinu hefur fokið á gaffl hússins og
skorið hann. Tókst það á loft og fauk um 40. metra.

Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Settar voru nýjar þakrennur og niður-
föll á umdæmis- og starfsmannabústaðinn ásamt verkstæði, en
þakrennurnar voru ornar gjör ónýtar. Starfsmannabústaður,

fjós og hlaða voru máluð að utan, þó ekki bök. Keyptur var rafmagnshitavætnskútur og settur upp í eldbúsi mótuneytisins en áður var þar aðeins kalt vatn.

Plöntugeymsla (verkferageymsla). Í syðrihluta í gamla gróðurhúsinu, framan við kælirinn var settur rafmagnsblásari til upphitunnar og veggir og loft einangrað með 2" plasti og verður þessi hluti hússins notaður til þökkunnar, rögunnar og til að dreifsetja í móbænd og að potta plöntur að vetri til, samilega góð aðstaða er til að vinna þarna frá hausti til vors, Ekki hefur komið mikið frost svo ekki er séð hvort hitinn er nægur í mestu frostum, þó geri ég ráð fyrir því.

Eftir er að koma þar upp hillum til notkunar fyrir potta, poka og aðrar umbúðir ásamt fleiru.

Vélar og verkfæri.

L-233 var hér til viðgerðar, gert var við, stýri, hurðir, sturtur, miðstöð, ljós o.fl.

Keypt var ný dráttarvél af gerðinni Massey-Ferguson MF 135-8 með vökvastýri, einnig var keypt ámoksturstæki við dráttarvélina.

Benzín dráttarvélina og ámoksturstækin sem hér voru fékk Garðar Jónsson fyrir sína starfsemi.

Æmislegt.

Í sumar gaf skógræktarstjóri mér og Ísleifi Sumarliðasvni kost á að fara til Noregs og sitja þar fund sem norskir skógræktarmenn héldu um gróðrarstöðvar, fundurinn var haldinn í Sönsterud og var mjög fróðlegur, aðrar gróðrarstöðvar sem við skoðuðum í ferðinni voru Furusmo, Trysil, Beiersöl og Fritze. Að loknu ferðalaginu í Noregi fórum við til Finlands og skoðuðum þar nokkrar gróðrarstöðvar og nýngar í plöntuuppeldi.

Fyrir þessa ferð vil ég þakka og tel mikla nauðsyn að íslenskir skógfræðingar fari í svona ferðir með nokkra ára milli-bili til að endurnýja kunnáttu sína og fá nýjar hugmyndir.

Séningar.

Frás.nr.	Tegund	kvæmi	kg.	m ²
B-830	Birki	borsteinsl.	0,35	18
B-807	Elri	Davos, Sviss	0,05	6
B-804	Rauðgreni	Leirfjord	1,00	144
B-797	Sitkagreni	Cordova	0,62	60
B-817	Sitkagreni	Cordova	3,00	180
B-826	Sitkagreni	Tumast.	0,80	12
B-781	Blágreni	Mc.Kenzie Bridge	0,15	18
B-741	Svartgreni	cent. Newfoundl..	0,10	12
B-798	Bergfura	Pyreneafjöll	0,80	51
B-816	Stafafura	Skagway	1,35	144
B-662	Rússalerki	Avsjan Baskkir ,.	1,03	24
B-736	Síberíulerki ...	Altai	1,00	48
B-808	Evrópulerki	Celerina	<u>0,15</u>	<u>3</u>
Samtals			11,30	720

Dreifsetning 1972.

=====

Frms.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
B-699	Rauðgreni 2/0 ...	Trysil	21.200
B-704	Rauðgreni 2/0 ...	Levanger V.	17.500
B-757	Sitkagreni 2/0 ..	Old Sitka	14.000
B-756	Sitkagreni 2/0 ..	Fish Bay	14.000
B-712	Sitkagreni 2/0 ..	Homer	19.500
B-747	Sitkagreni 2/0 ..	Cordova	22.800
B-713	Sitkagreni 3/0 ..	Cordova	29.000
B-721	Svartgreni 3/0 ..	Alberta	4.100
B-346	Brodd/blágr. 3/0.	Sapinero	2.100
B-755	Bergfura 2/0	Haut confl.	7.200
B-670	Stafafura 2/0 ...	Anaheim	26.200
B-711	Stafafura 2/2 ...	Skagway	2.300
B-715	Broddfura 3/0 ...	Park Col.	1.700
B-716	Sveigfura 3/0	600
B-736	Síberíulerki 2/0.	Altai	14.200
Samtals			272.400
			=====

Plöntur til dreifsetningar 1973.

Fres.nr.	Tegund	Kvæmi	Þiðldi
B-830	Birki 1/0	Borsteinsl.	9.000
B-778	Birki 2/0	Skaftaf.	13.700
B-761	Rauðgreni 2/0 ...	Ringstater	34.000
B-648	Rauðgreni 3/0 ..	Meldal	1.900
B-701	Rauðgreni 3/0 ..	Vang-Löten	11.000
B-779	Sitkagreni 2/0 .	Cordova	120.000
B-712	Sitkagreni 3/0 .	Homer	64.000
B-755	Bergfura 3/0 ...	Haut. confl.	3.500
B-670	Stafafura 2/0 ..	Anaheim	67.000
B-782	Stafafura 2/0 ..	Skagway	110.000
B-670	Stafafura 3/0 ..	Anaheim	3.300
B-711	Stafafura 3/0 ..	Skagway	4.500
B-746	Stafafura 3/0 ..	Skagway	14.700
B-744	Broddfura 3/0 ..	Hallormst.	10.000
B-736	Síberíulerki 2/0	Altaf	<u>20.000</u>
Samtals			<u>496.600</u>

Skógarplöntur afhentar 1972.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Pjöldi
B-665	Rauðgreni 2/3 ..	Trvsil	10.000
B-693	Sitkagreni 2/3 .	Seward	7.725
B-590	Sitkagreni 2/3 .	Cordova	2.300
B-669	Sitkagreni 3/3 .	Kodiak	7.550
	Sitkagreni 1/3 .	Ymis	3.200
B-688	Stafafura 3/0 ..	Wedelshg.	6.975
B-711	Stafafura 2/2 ..	Skagway	40.500
		Samtals	96.250

Dreifsetningarplöntur afhentar 1972.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Pjöldi
B-702	Rauðgreni 3/0 ..	Namsaleid <i>frá</i>	10.000
B-747	Sitkagreni 2/0 .	Cordova <i>Noolt.</i>	48.000
B-712	Sitkagreni 2/0 .	Homer <i>Forsvogur</i>	8.500
B-671	Stafafura 2/0 ..	Fort st. James <i>Noolt.</i>	30.000
B-736	Síberíulerki 2/0	Altai <i>Noolt.</i>	1.000
		Samtals	97.500

Skógarplöntur til afhendingar 1973.
 =====

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Þíðlaði
B-778	Birki 2/0	Skaftaf.	23.500
	Birki 2/2	Tumast.	4.000
	Birki 2/2	Kollafj.	1.500
B-665	Rauðgreni 2/4 ..	Trysil	10.000
B-713	Sitkagreni 2/2 .	Cordova	36.000
B-755	Bergfura 3/0 ...	Haut confl.	4.000
B-720	Bergfura 2/2 ...	Cläsenbg.	15.000
B-670	Stafafura 3/0 ..	Anaheim	3.000
B-711	Stafafura 3/0 ..	Skagway	5.000
B-746	Stafafura 3/0 ..	Skagway	14.000
B-675	Stafafura 2/2 ..	Sitka	4.000
B-688	Stafafura 2/2 ..	Wedelsbg.	3.000
B-650	Stafafura 2/3 ..	Skagway (Hall.) ...	15.500
B-723	Síberíulerki 2/2	Altaí	<u>4.500</u>
		Samtals	<u>143.000</u>
			=====

Síðsumars.
 =====

B-713	Sitkagreni 2/2 .	Cordova	<u>30.000</u>
		Samtals	<u>30.000</u>
			=====

Samtals 173.000
 =====

Afhentar garðplöntur 1972.

Tegund	Fjöldi
Birki	2.097
Alaskaösp	256
Álmur	95
Elri	126
Reynir	106
Viðja	5.182
Sitkagreni	1.022
Stafafura	996
Birkikvistur	1.081
Runnamura	101
Glansmispill	509
Rauðblaðarós	619
Ribs	169
Aronia	93
Gullregn	68
18 aðrar tegundir	<u>263</u>
	Samtals 13.683

Pottun og dreifsetning græðl. 1972.

Tegund	Græðlingar	Sumarg.	Pottar	Fjöldi
Viðja	3.100			3.100
Aronía	3.100		320	3.420
Birkikvistur	1.900	640	1.940	4.480
Glitviðir	1.000			1.000
Alaskaösp 8 kvæmi ...	3.500		170	3.670
Alaskaviðir	1.200			1.200
Brekkuviðir	600			600
Dögglingskvistur	200		70	270
Sunnukvistur		300	70	370
Perlukvistur		270	210	480
Bumaldakvistur		140	50	190
Stikilsber		240	100	340
Runnamura	100	240	400	740
Glansmispill		1.090		1.090
Síberíubaunatré		210		210
Sitkaelri			200	200
Silfurreynir			120	120
Stafafura			320	320
Svartgreni			330	330
Birki			300	300
13 aðrar tegundir ...		<u>310</u>	<u>640</u>	<u>950</u>
Samtals	<u>14.700</u>	<u>3.440</u>	<u>5.240</u>	<u>23.380</u>
	*****	*****	*****	*****

Garðpl.- og græðlingar til afhendingar 1973.

Tegund	Hnausöl.	Potta- plönt.	Moldar- lausar	Fjöldi
Reynir	420	80		500
Gráreynir	75			75
Elri	250	60	500	810
Birkikvistur	1.270	490		1.760
Rauðblaðarós		100	310	410
Sólber 3 teg.			400	400
Ribs		90	200	290
Viðja			10.000	10.000
Gráviðir			340	340
Birki 2/0			4.400	4.400
Birki 2/2			2.500	2.500
Birki		300		300
Stafafura		300	1.000	1.300
Aronía		300		300
Glansmispill		550		550
Runnamura		400		400
Stikilsber		100		100
Selja		150		150
Sitkagreni	100	170	200	470
Gullregn		250		250
13 aðrar tegundir		730		730
	Samtals	2.115	4.070	19.850
	=====	=====	=====	=====
				26.035
				=====